

þeir verið lengur í ferð en 20 daga. Tilsvarandi undanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í ferð, er kr. 1 500.00 við hverja komu.

3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast gildi 1. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 6 5. janúar 1973, um innflutnings- og gjaldeyrisleifyfi, með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 17. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Dórhallur Ásgeirsson.

17. desember 1974.

Nr. 371.

AUGLÝSING**um innflutningskvóta.**

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1975:

Tollskrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1975
09.01.11	Brennt kaffi í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	kr. 10 000 000
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	
17.04.05	Karamellur	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í	
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó	— 90 000 000
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samانبundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts	
úr 96.02.01		
úr 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþurrkur á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.	— 8 000 000

Fyrsta úthlutun innflutningsleyfa fyrir þessum vörum fer fram í febrúar n. k. Umsóknir skulu hafa borist Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1975.

Viðskiptaráðuneytið, 17. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Dórhallur Ásgeirsson.